

Heimskringla

PUBLISHED BY The Heimskringla News & Publishing Company

727 Sherman Street, Winnipeg, P. O. BOX 118.

B. L. BALDWINSON, Editor & Manager

Bandaríkja kosningarnar

Þess var gætið í síðasta blaði, að Repúblika flokkurinn hefði unnið stóran sigur. Síðari fréttir sýna, að yfirburðir hans hafa verið þessar kosningar orðið meiri en áður eru dæmi til í sögu landsins. Það er talið víst, að Roosevelt hafi yfir 1,500,000 atkvæði umfram Parker dómara, og er það yfir 460,000 fleira, en McKinley sál fékk, er hann náði kosningu. Repúblika haldra þessum ríkjum með tilferðri fleirtölu atkvæða:

Table with 2 columns: State Name and Number of Votes. Includes Connecticut (32), Delaware (5), Idaho (25), Illinois (200), Indiana (75), Iowa (140), Kansas (100), Maine (37), Maryland (1), Massachusetts (80), Michigan (142), Minnesota (100), Montana (2), New Jersey (50), Nebraska (40), New Hampshire (20), Nevada (1), New York (185), North Dakota (25), Ohio (154), Oregon (40), Pennsylvania (390), Rhode Island (90), South Dakota (50), Utah (8), Vermont (30), West Virginia (5), Washington (30), Wisconsin (60), Wyoming (10).

Demókratar haldra þessum sætum:

Table with 2 columns: State Name and Number of Seats. Includes Alabama (75), Arkansas (40), Florida (18), Georgia (45), Louisiana (35), Mississippi (50), Missouri (35), North Carolina (50), South Carolina (25), Tennessee (25), Texas (10), Virginia (24).

Roosevelt hefur fengið 125 kjör- atkvæði, en Parker að eins 151.

Vera má, að þessar tölur séu ekki alveg nákvæmar, en það er talið víst, að verði nokkur breyting á þeim, þá gæði Roosevelt við það. Það er og talið víst, að Repúblika hafi að minsta kosti 92 atkvæði í meirihluta í Washington þinginu eða allt að hundruði.

Stóri fréttir segja, að Missouri hafi gæði Repúblikum fleirtölu atkvæða, og reynt það satt, þá hefur 343 kjör- atkvæði eða yfir 200 fram yfir gagnsakjanis sinn.

Það verður ekki óþæg af þessum, að neitt sérstakt þjóðmál hafi verið gert að aðal-ágreiningsmáli. Demó-

kratar vilja þakka tollana og gæða Filippseyingum sjálfstjórn undir eina og því yfir við komið. Einnig heimsölu þeir strax og stjórnt með samsteypu-álagningum. Repúblika héldu við viðtæka stefnu sína: hla verndartolla, viðhald Filippseyja sem hluta af lýðveldinu um óákveðinn tíma, en þess þó að innihafa þær í tölu ríkja, anna, gull málmálta og eftirlit með "Trusta."

Tollverndar og Filippseyja málin voru því aðal þjóðlegu ádeiluefni, að því er að verður, og þjóðin, að undanteknum snúrukjörnum, virðist eindregin með Repúblikum í stefnu þeirra. Svo hefur og þjóðin mikil álit á Roosevelt, sem þjóðlegu mikilmenni, og þykir hann hafa margt vel gert síðan hann kom til valda. En Parker dómari er þar á móti minna þekktur og hefur ekki áður fengið við pólitísk mál utan ríkis sína, og gat því ekki búið við jafn-áflugu fylgi og hann hefði mátt vænta, ef hann hefði verið meira þekktur. Það var og á móti honum, að hann var eindregin með stefnu Roosevelt í málmaláttumálinu og þess vegna ekki í samræmi við mikimblata af flokkamönnum sínum í því máli, og er mjög líklegt, að það hafi dregið úr fylgi hans.

Ervörpublís alment fagna yfir kosningu Roosevelt. Segja stefnu hans í viðskiftum við Evrópuþjóðir hafa miðað til góðs samkomulags, en als óvíst, hvað við hefði tekið, ef stjórnskipti hefðu orðið.

Ríkiskosningarnar í Norður Dakota fóru þannig, að Repúblika unnu þar algjöran sigur. Svo var gengið frá því verki, að blaðið "Pioneer Express" í Pembina segir ekki einn einasta Demókrata hafa náð kosningu í nokkurt embætti í Pembina County. Sv. Thorwaldson náði County Auditor embættinu með nær þúsund atkvæðum umfram, og Magnús Lögræðingur Brynjólfsson hrepti ríkislögreglunnar embættið fyrir Pembina County gagnsóknarlausn. Joseph Walters náði þingsæti fyrir aðra kjördeild í Pembina County.

Fyrirburðir á jörðu og himni

SKRIPTIRNAR

"Jæja, drengur minn, skrifaðu nú. Drag ekkert undan. Sálarfriður þinn er enginn. Guð og kyrkjan heima að vita alt, þá er fyrirgefningin víð, alveg víð, hverjum sannindrandi syndara."

"Ó, mér líða. svo illa, ég hef syndað svo mikið — fjarka mikið! Ó, mér er ilt fyrir hjartanu! Ó, herna, herna, faðir Ambrosius!"

"Skrifta, skrifta, barni mitt!"

"Ó, ég hef gert margt ilt, margt ilt! Ég hef skrökvað og hnúplað og hnúplað, ja, meira en ég veit af. Og það voru engin smáreið, senn ég varð að hnúpla í kosningarnar, ólukkans kosningarnar! Og nú vita þú allir, ó, þú þjóðin! Ó, ó, ég má ei hugsa um það. — Og þú hefur gert eitt verst og það segi ég engum, engum lifandi manni! Það er svo ljótt, ljótt! Ó, gef mér syndkvittun, góði faðir! St. María, kyssi á fót þér, á litlu lána á þér, á þér!"

"Þessar syndir eru stærri en fjöll og ljótari en grafir hinna framliðnu. Þú ert samur syndari. — Kyrkjan, hm, ja, kyrkjan þarf sitt \$5,000 fyrir öll þín ósannindi að þessari stund; \$50,000 fyrir gripdeildir og hnúpl, eins og þú kallar það; en svo er hitt."

"Ja, ja, ég gældi þá, gældi þá gældur. En láttu mér þá hata! Þessi árósa samvinnu, s. s. ó, góði faðir!"

"Nei, þú hefur ekki sagt mér alt."

"Ó, ég gætt það ekki! Heimsölu það ekki, það er svo ljótt!"

"Jæja, hatri þér þá aldrei!"

"Ó, ó, segðu það ekki, góði faðir, hin heilaga María þurki þér fyrir nefni!"

"Stöður og bull! Hún kemur ekki til okkar, hún á svo anarfrkt néna í sláturstöðinni hjá Róssum og Japönnum, us, us! og Sankti Pétur plaggalans undir veturinn! Nú, skrifaðu aðfráttarlaut, svo sala þú þá frið!"

"Það er ljótt, ljótt! Þjóðin, ó, þjóðin minn, Jódas sveik herra sinn, og þjóðina; peninga höfðum við báðir upp úr því, eins og Ameríkumenn segja. Ó, ó!"

"\$100,000, \$100,000 til kyrkjunnar, segi ég, og þú ert frí af syndum. Heyruðu, brotlega sál!"

"Ó, ég hef ei nema einn skitinn dal frá G.T.P. og 10 cent úr landskjóði!"

"Hm, taka til láns, til láns, kyrkjan má ekki bíta!"

"Ó, það vill enginn lána mér síðan samakotin voru tekið handa mér um árið, — hreint enginn lána mér!"

"Usa, us, vitleysa, þú vessala sál! Hvert ekki lána þetta hjá þjóðinni? Þú segist borga henni aftur. Tilgangurinn hefur meðalið."

"Ó, þú miskunarlausni faðir! Frá einni plágu til annarr! Meiri peningar, meiri stuldur!"

"Far þú frá mér, þú auma sál!"

"Nei, ónei, ég borga, en létu af mér syndabyrðinni, línaðu samvissukvöðina, ég hrópa og bið!"

"Far og borga þitt gjald, og svo snart þú hefur það gert, verður þú hólpinn!"

DRAUMAR OG VOFUR

Herna um nóttina fanst Sir Wilfrid hann vera dálnn. Sálin steig út frá líkamanum. Það var ómurligt og kalt. En svartneitið var verst af öllu. Það var steindrepandi. Ekkert ljós, engin leið. Loks kom andi, þreif í sálina og dró hana á eftir sér og geymsaði út í geiminn. "Hvert ertu að fara með mig?" spurði sálin angistarfull. "Til dómans, til dómans." Áfram brunuðu þær, og aumingja litla sálin var undur hrædd. Hún vissi, að hún hefði gert svo margt ljótt meðan hún var á jörðinni. Hún fór að cepa á fótur Ambrosius, því hún var bæði hrygg og reið, aumingja litla sálin. Hún var ekki, að henni fanst, stærri enn svoltitíma herna bobbi. En andinn, sem dró hana til dómans hnakti henni aftur og fram, þegar hún fór að sepa, svo litla sálin varð enn þá hræddari og þorði ekki að smæta né skræmta. Hún sá alt í einu dökkvan roða eða eldhaf. Hún varð svo hrædd, að hún fór að gráta, hún hélt þarna kæmi kvalastödurinn. Skældu ekki, ræðillinn, þetta er ekki viti, það er halastjarna, sem Bandaríkjamenn sá um daginn. Skollinn sækir þig, ef þú þegir ekki! Litla sálin þorði ekki annað en þagna. En nú á hún gamlan rauðakægjaðan mann fylgja sér. Hún var hrædd við hann, en hvernig, sem leiðtogi hennar herti ferðina, þá var þessi karli einlegt við hljóða og henni. Loks spurði litla sálin karlinn: "Eldar þú til dómans líka, maðar?" "Já, ja, ég gætt það. Ég er vanur að vera þar viðstaddur, að þessari stund; \$50,000 fyrir gripdeildir og hnúpl, eins og þú kallar það; en svo er hitt."

langt eftir?" "Og ég skyldi ná segja það." "Ertu kunnugur dómarnum?" "Við erum taldir nærri því jafnaldri, trúi ég." "Ertu þú skólabróður eða vinir?" spurði litla sálin. "Lítið orð hefur farið af því, að við vorum vinir. En við þökkjumst að fornu og nýju."

"Eigist þú viðskifti saman?" "Og ekki get ég neitað því. Þau ganga nú ávona upp og niður, en ég þarf ekki að kvarta enn sem komið er."

"Hver er þessi dómari?" spurði litla sálin ofur sakleysislega, með bláberri einföldni. "Hm, og hann er nefndur ýsum nöfnum, yfirdómari. Oftast nær Guð. En hann dæmir sjaldna stólfur. Það er karl, sem Sankti Pétur heitir, sem er ytridrya dómari." "Dæmir hann hart?" sagði aumingja smásálin og stláði alveg að detta sundur af hræðinu, því að loks skildi hún, hvort leiðin lá. "Ója, — svo þykir sumum. Ég þarf eigi að kvarta um það." "Hefir Sankti Pétur aldrei dæmt þig?" "Mig, ónei, hann var ekki fróður, þegar slitaði upp úr pólitíkinni milli okkar þarna upp frá." "Svo þú skildu út úr pólitík?" spurði litla sálin, því hún rakaði við pólitíkinni í Canada. "Þú hefur verið Liberal þar ofra?" spurði sálin og hosaði öll af áneigu. "Já, því fór ná sem fór. Ég lét ei bæla mig undir með góðu síðferði og vandlettingasemi." Þá heyrðist óþ meðan af jörðinni, og einhver sagði að Lögbergi, að Heimskringla skyldi fara til fjandans. "Ha, ha!" segir gamli karlinn, sem var enginn annar en kölski sjálfur. "Þar eru þeir að kalla á mig niður frá." "Þú! Hvernig stendur á því?" "Heyruðu mig ekki nefndan til að sækja blaðskráttann hana Heimskringlu, sem þarist hefur á móti okkur báðum?"

"Ó, svo þú ert —" Ná leið yfir litlu sálin. "Ha, ha! Ég vissi að þú myndir ná þér aftur. Við erum liberal, ekki vantur það." En sálin varð hrædd og sagði: "Ó, farðu og sæktu þetta blað, sem þú varst gefið. Ég kemst leiðar minnar." "Og ég held nú ekki. Andi á hinni mikli, sem flytur þig og öllu ræður, hann kallaði fyrst á mig að sækja þig, og við þig skil ég ekki fyrr en dómurinn er uppkveðinn, og ég fæ þig með mér. Þú situr í fyrirrúmi fyrir blaðinu, vertu viss kunningi!"

Loks komu þeir að himnaríkisdrym. "Þarna er þessi Laurier," sagði andinn við Sankti Pétur, sem stóð snögghléddur í dyrunum, og henti litlu sálinni niður og flaug snöðugt burtu. Aumingja litla sálin stláði að velta sér inn fyrir dyrunar, en Pétur stakk við henni fætinum og mælti: "Nei, nei, ekki nú strax. Við veltum ekki sálinum herna, eins og þú veltið dólunum í Canada." "Ég hef engan dal!" hljóðaði sálin, því hún miaskildi Sankti Pétur. "Gerir ekkert til, þeir ganga ekki herna megin, dalirnir ykkar. Hvað hefur þú gert gott í lífinu? Fljótt, því hér bíta margir." "Ó, ég man það nú ekki í stjótú bragði. Ég gaf kyrkjunum klaustrum stórfé." "Ó, þú ert náunginn, sem verlaði með Canada, ég veit alt um það. Þú færð ekki innngöngu hér. Það er búið og úttalað um það. Gabriel, komdu herna, syndu þessari sál ofangönguna. Hana nú, stjótú með ykkur heðan." "Ekkir dugar að slæpast hér," mælti Gabriel við sálinna. "Ha, ha!" sagði sá gamli, sem hlustaði háfi á. Ég get ekki tekið móti sálinni fyrr en einhverjir eru bómir að skipa mér þrjár að veita henni mótiþý. Ég hefði ekki fangið nema eina skipuna." "Gabriel, hrópaði Pétur, "kallaðu á einhverjum, sem getur talað við þuna gamla."

"Bismarck minn, tálkaðu herna fyrir okkur," mælti Gabriel. "Fjandinn taki þennan franska sálarrefil, óskraði Bismarck. "Ha, ha! Það lagast bráðum," mælti kölski og horfði vonglaður á litlu sálin, sem ná stláði að verða að engu. "Gefið þriðju skipun, þiltar, svo ég geti tekið sálinna. Ég má ei bíta lengur," þrugaði kölski. Þá stukku allir upp og horfðu út. Þeir vissu að eitthvað mikið gekk á. Kinnverji, sem góldið hafði tvöfaldan innflutningsstoll til Canada og hafði gengið þrottaðinn illa, grenjaði: "Fjandinn hafi allar Canadasalir!"

"Ha, ha!" mældraði kölski, "þar er það búið. Komdu nú!" En litla sálin hentiast upp að glugga og rétti litlu, mögru og skjálfaðri hendinu upp til Roblins, sem stóð fyrir innan. "Ó, hjálpaðu mér, Roblin, í guðanna bænnum hjálpaðu mér!" hrópaði sálin. "Of seint, of seint kunningi." "Ég gráðbæni þig að hjálpa mér, sem Canadasal, — ég gráðbæni þig, elsku vinur, að hjálpa mér!" "Ég skal kalla á Greenway," mælti Roblin, "hann getur hjálpað þér." "Nei, það get ég ekki," drundi í Greenway, "nautarektin hefur mishepnast í ár. Nei, ég hefði þér enga peninga til að hjálpa þér, það verður hver að sjá um sig herna. Og það er ekki að vita, hvað lengi ég fæ að vera hér, þótt ég slampaðist inn fyrir skólabágin í Manitoba, þú skilur, Wilfrid."

Og Greenway gekk snöðugt inn eftir himnaríki.

"Komdu, komdu!" óskraði kölski og þreif í litlu sálin, sem sápti: "Hjálpaðu mér, Roblin minn elsku! Ég veit þú getur það!" "Láttu hana vera, þú á gamli herjans sonur," kallaði Roblin til kölska, sem var að draga sálinna burtu. "Ég hef fé ræð að hjálpa þér. Þú áttir að læra af mér fyrr en nú. En herna, hef ég silfur medaldu, sem Manitoba mein gáfu mér fyrir járnbrautar samningana og lakkun á útningagjöldum. Tak þú silfrið, því það sagði mér íslendingur, að því hefði að sinn og amma trúað, að engin skotfæri, nem silfur, ynnu á þeim gamla. Ég skal biðja Salisbury að ljá þér vasabyssuna sína, og muntu þá fá varið þig um stund." En nú skæði atburður með undarlegum hætti. Þegar litla sálin var að rétta út hendurnar eftir vopninu og silfrinu, gaus upp svo mikill flugna- mökkur, að sálin hvarf, alveg hvarf. Veinin og stunnurnar heyrðust frá henni og hún bað alla að hjálpa sér frá þessum morðvörgum. St. Pétur skipaði að loka öllum dyrum og gluggum, svo ófögnuður þessi meði ekki inn að sveima. Nú gat sálin við engan talað nema kölska, sem hálf-vandræðalegur horfði á leik penna. "Því hjálparðu mér ekki?" grenjaði sálin í dauðans ofbóði. "Hjálpaðu þér sjálf. Þetta eru þínir gömlu vinir. Þeir eru að heimta af þér laun sín og atkvæðatolla. Það er ljótt af þér, að svikjast burtu, en þess að þú hefur þeim, górumunum. Það hefði ég aldrei látið um mtau persónu spyrjandi." "Gabriel, Gabriel!" hrópaði Pétur, "kallaðu á Kerúbana og sendu þá eftir móður vorri Sögu. Hún getur tekið þetta dökkmó- raða hyski í sögu-afkrymanu sína, á sögubekk, og síðan fléygt ruslinu út í veður og vind." Á svipstundu voru Kerúbarnir og Saga komin. Hún gerði sér hægt fyrir og óþópaði öllu upp í svuntu sína, og litla sálinni með.

Hana var ekki hýr á svipinn, sá gamli, þegar Saga hafði sópað sálinni með í svuntunum, og var horfan þeim hendingi kasti.

"Lucia, Lucia, gefðu mér bronni- vta! Þetta eru ljóta draumarar," sagði Wilfrid og stundi þungan, þegar hann vaknaði. "Ó, þessar andavttis kosningar, þær drops, ja, steindrops mig! Ég fer vestur að Kyrrahafi, eins og hann Barden."

"Já, þá segja allir að þú eltir hann, góði." "Já, þá er ná það! Alstaðar er mylnusteininn um hals mér. Ég er fortapsur, eins og draumurinn sýndi mér; ha, ég er, held ég, steindaður og á hvergi heima eftir alt braskið."

Skráseti þessi:

K. A. Benediktsson

Bækur og lestur

(Fréttahl)

Íslendingar eiga mjög mikið af guðorðabókum bæði frá gömlum og nýjum tímum. Margt af því er mesta rúal og til skáða fyrir þjóðina og bókmentir hennar. En þrátt fyrir það eru sumar guðorðabækurnar góðar, nokkurar meistaraverk, bornar saman við þann tíma, sem höfundar þeirra hafa verið uppi á. MA nefna Passúsála Hallgríms presta Pétursonar í Saurbæ og Hvalfjarðarströnd, Húspostillu meistara Jóns Th. Víðaltns, Postillu Helga byakups Thordarson og Helgidaga-prédikantir séra Páls heitins Sigurðarsonar í Gaulverjabæ, og Postillu og Hugvekjur Péturs byakups Pétursonar, og Postillu séra Jóns Bjarnasonar. Alt eru þetta merk- ar bækur og sýna andans menn og eljómenn hina mestu. Og er mikið á þeim að græða, bæði á máli og fróðleik og hugmyndaflygi, þótt hinna andlegu kenningu sé slept, en umtals. Hón er eins og hún er fyrir hvern einstakan mann. Það er langt frá því, að rétt sé að áfella Hallgrím Pétursson fyrir efnid, sem hann valdi sér til að yrkja um. Það eitt sýnir hið andlega trúar- lega ástand skáldans og samtíðar folks hans. Sá, sem á eins mikið vald yfir listinni og skáldakapar- tilfrifunum eins og séra Hallgrím- ur Pétursson átti, honum er óhætt að taka sér hvaða yrkisefni, sem er. Sumir hafa fundið að því, að málið væri slæmt og dönsk skotið. En það er langt um betra, en við er hægt að búa frá þeirri öld. Það koma líka fyrir fornryði og gamlar orðmyndir hjá skáldinu, sem mjög óvíst er, að þeir skilji, sem mál hans dæma. Þeir, sem vilja vita nokkuð af viti í íslensku máli, þeim er nauðsynlegt að lesa ísl. guðorða bækurnar, eldri og yngri. Þeir verða fróðari í málinu og vex skilningur á samanburði málsins og hugsunarháttanna hjá þjóðinni, á einum og öðrum tíma. Menn verða að lesa allar bækur frá fleiru en einu sjónarmiði, ef þeir ætla að sýna ósjálka ávexti af iðju sinni.

Íslendingar eiga mikið af skáld- skapar bókmentum, bæði af fornu og nýju. Það er stórníkill gróði að lesa þær, ekki einasta frá seinni og nýjustu tímum, heldur einnig frá miðöldunum. Þá þarf ekki að tala um skáldskap fornal- arinnar. Að honum dást allir, sem svo eru málfróðir, að þeir skilji hann. En því miður virðast marg- ir með því marki brendir, að þeim finst það ekki fyrirhafnarinnar vert, að leggja þungt á sig til að skilja hann. Þar af leiðandi hefur fjöldinn engin not haft af honum. Það er því ólíklegt, að yngri fólk- inu þyki þurft að leggja sig mik- ið niður við hann. Þess vegna er hann nær því gleymdur og yfirleitt skoðaður sem annað rugl, sem lítit óna ekkert sé varið í. En hann felur í sér hinar hálfeygstu hug-